Fullgild rafræn undirskrift
HRAFN HLYNSSON
Kennitala: 170386-3109
2020-10-14 17:09:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins

## 09 986

# Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ...................................................................... **3**
Efnahagsreikningur ............................................................................. **4**
Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................... **5**
Skýringar ............................................................................................ **6**

**Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins**
**kt. 680981-1759**
**Borgartúni 7, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jarðeignir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Jarðasjóð. Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir skv. sérstökum heimildum sen fram koma í lögum um sjóðinn, m.a. vegna almennra útilífsnota.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Jarðasjóður heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Jarðeignir ríkisins heyra hins vegar undir Ríkiseignir sem f.h. ráðuneytisins annast útleigu og daglegt utanumhald ríkisjarða. Jarðeignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði. Mikilvægt er að virði ríkisjarða í ríkisreikningi sé endurmetið í ljósi þess að virði landbúnaðarjarða í fasteignaskrá byggir ekki á markaðsforsendum. Unnið er að heildarmati út frá eiginleikum jarða í samstarfi við Ríkiseignir og Þjóðskrá. Í ársreikningi þessum er jafnframt ekki gerð grein fyrir áætlaðri heildarskuldbindingu Jarðasjóðs vegna kaupskyldu ríkisins á eignum ábúenda í samræmi við ábúðarlög. Í gildi eru um 109 ábúðarsamningar og má áætla að heildarskuldbinding ríkisins sé um kr. 2,75 milljarðar við að leysta til sín eignir ábúenda á jörðunum ákveði þeirr að bregða búi.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 113,8 milljónir og afkoma kr. -38,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -197,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 603,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins fyrir árið 2019 með rafrænni undirritun.

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis,

Hrafn Hlynsson

(Undirritun rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | (2.300.000) | (2.300.000) |
| Aðrar tekjur | 3 | 116.129.944 | 83.406.293 |
| **Tekjur samtals** | | 113.829.944 | 81.106.293 |
| **Gjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 150.625.307 | 203.669.903 |
| **Gjöld samtals** | | 150.625.307 | 203.669.903 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (36.795.363) | (122.563.610) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (1.601.435) | (36.390) |
| | | (1.601.435) | (36.390) |
| **Afkoma ársins** | | (38.396.798) | (122.600.000) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | 5 | | |
| Farartæki og vélar ........ | | 40.000.000 | 0 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 40.000.000 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir ........ | | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur ........ | 6 | 12.741.596 | 88.917.849 |
| Tengdir aðilar ........ | 7 | 524.439.494 | 532.099.724 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ........ | | 26.419.137 | 0 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 563.600.227 | 621.017.573 |
| **Eignir samtals** | | 603.600.227 | 621.017.573 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hrein eign ........ | | (197.938.910) | (159.542.112) |
| Bundið eigið fé ........ | | 506.315.241 | 506.315.241 |
| **Eigið fé samtals** | | 308.376.331 | 346.773.129 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 7 | 4.557.541 | 99.933.950 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........ | | 0 | 339.239 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........ | 9 | 290.071.255 | 173.971.255 |
| **Skuldir samtals** | | 295.223.896 | 274.244.444 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 603.600.227 | 621.017.573 |

**Aðrar upplýsingar** 10

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........ | | (38.396.798) | (122.600.000) |
| | | (38.396.798) | (122.600.000) |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur ........ | | 49.757.116 | (1.972.393) |
| Tengdir aðilar ........ | | 28.383.821 | 127.218.393 |
| Skammtímaskuldir ........ | | 255.861 | (2.646.000) |
| | | 78.396.798 | 122.600.000 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 40.000.000 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | | (116.100.000) | (17.893.296) |
| Fjárfestingarframlag ........ | | 116.100.000 | 17.893.296 |
| | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs ........ | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur samanstanda af leigutekjum vegna jarða og arði af veiðihlunnindum jarða.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Jarðir ........................................................................................................................................ óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

# Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | **2019** | **2018** |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | (2.300.000) | (2.300.000) |
| | (2.300.000) | (2.300.000) |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | **Rekstur** | **Rekstrar-tilfærslur** | **Fjármagns-tilfærslur** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | (2.300.000) | 0 | 0 | (2.300.000) |
| **Fjárveiting til tekna** | **(2.300.000)** | **0** | **0** | **(2.300.000)** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | (36.096.798) | 0 | 0 | (36.096.798) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(38.396.798)** | **0** | **0** | **(38.396.798)** |

**3 Aðrar tekjur**

| | **2019** | **2018** |
|---|---|---|
| Afgjöld ríkisjarða | 111.614.561 | 97.828.934 |
| Leiga veiðiréttar | 4.515.383 | 3.470.655 |
| Eignatekjur færðar til fjárfestinga skv. fjárlögum | 0 | (17.893.296) |
| | 116.129.944 | 83.406.293 |

**4 Annar rekstrarkostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 17.661.745 | 10.669.031 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 278.469 | 1.404.131 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 26.537 | 1.317.484 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 0 | 149.110 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 17.966.751 | 13.539.756 |
| | | |
| Afnotagjöld | 0 | 53.500 |
| Verkkaup | 0 | 1.764.000 |
| Kostnaðarhlutdeild | 103.127.791 | 188.288.919 |
| Opinber gjöld | 419.547 | 23.728 |
| Tapaðar kröfur | 29.111.218 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 132.658.556 | 190.130.147 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 150.625.307 | 203.669.903 |

# Skýringar

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|

**5 Varanlegir rekstrarfjármunir"**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Jarðir | 40.000.000 | 0 |
| | 40.000.000 | 0 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | Jarðir | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 0 | 0 |
| Viðbætur á árinu | 40.000.000 | 40.000.000 |
| Staða 31.12.2019 | 40.000.000 | 40.000.000 |

**6 Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 40.993.808 | 88.917.849 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (28.252.212) | 0 |
| | 12.741.596 | 88.917.849 |
| Viðskiptakröfur í íslenskum krónum | 12.741.596 | 88.917.849 |
| | 12.741.596 | 88.917.849 |

**7 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 524.439.494 | 532.099.724 |
| | 524.439.494 | 532.099.724 |

*Skuldir við tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 4.557.541 | 99.933.950 |
| | 4.557.541 | 99.933.950 |

**Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 26.419.137 | |
| | 26.419.137 | 0 |

## Skýringar

**8 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | Hrein eign | Bundið eigð fé | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | (159.542.112) | 506.315.241 | 346.773.129 | 469.373.129 |
| Afkoma ársins | (38.396.798) | | (38.396.798) | (122.600.000) |
| Jöfnuður 31.12. | (197.938.910) | 506.315.241 | 308.376.331 | 346.773.129 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 506.3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfðun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

**9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 250.071.255 | 173.971.255 |
| | 290.071.255 | 173.971.255 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 0 | 173.971.255 | 173.971.255 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 116.100.000 | 116.100.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 40.000.000 | (40.000.000) | 0 |
| | 40.000.000 | 250.071.255 | 290.071.255 |

**10 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.